

Skýrsla stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni lögð fram á aðalfundi 27. febrúar 2025

I. Inngangur

Inngangsorð

Sjaldan eða aldrei hefur húsnæði FEB verið eins vel nýtt og síðasta starfsár. Alla daga, og oft fram á kvöld, iðaði húsið af lífi, þegar fram fóru hin fjölmörgu námskeið og klúbbar á vegum félagsins, auk annarra stakra viðburða. Þar má helst nefna fyrirlestra, aðventustund, ferðafundi, sviðaveislu og margt annað áhugavert og fræðandi. Met eftirspurn var eftir leigu á salnum til þriðja aðila, fyrir hinar ýmsu veislur og fundi og leið vart sú helgi sem salurinn var ekki í útleigu og þá jafnvel tvö kvöld sömu helgina. Á síðasta starfsári voru farnar tólf innanlandsferðir og sex ferðir út fyrir landsteinana og oft komust færri að en vildu. Það má því segja að félagslíf FEB og ferðirnar hafi verið upp á sitt besta síðustu misseri. Á fjárhagsáætlun síðasta ár var gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna sem gekk ekki eftir og er því afkoman mun betri en áætlunin bar með sér. Nú er hins vegar komið að þölmörkum og þarf að fjölga starfsmönnum sem fyrst svo hægt verði að þjóna félagsmönnum eins og best verður á kosið.

Félagsmönnum hélt áfram að fjölga sem er mikill styrkur fyrir félagið, en þeir hafa nú brotið 16.000 manna múrinn. Eru vanskil félagsmanna afar lág eða um 2,3% og fóru lækandi á milli ára og fyrir það vill félagið þakka.

Baráttan um bætt kjör eldra fólks er endalaus og fór hún, líkt og árin á undan, að mestu leiti fram í samvinnu aðildarféлага Landssambandsins en formaður stjórnar FEB situr í kjaranefnd LEB. Í haust átti stjórn og kjaranefnd LEB fundi með ráðherrum þar sem lagðar voru fram óskir um úrbætur byggðar á framlögðum gögnum sem sýndu að kjör eldri borgara væru að dragast aftur úr. Nú eru Alþingiskosningar nýafstaðnar og verður forvitnilegt að heyra og sjá hvað ríkisstjórnin mun gera í málefnum eldri borgara. Það er okkar verkefni í félögum eldri borgara að fylgja eftir að loforðin verði efnd.

Eins og áður hefur stjórn FEB miklar áhyggjur af stöðu hjúkunarheimila í landinu og lítið virðist þokast í rétta átt. Á síðasta aðalfundi FEB lagði stjórnin fram ályktun til samþykktar þar sem kallað er eftir auknum krafti í uppbyggingu hjúkunarheimila á höfuðborgarsvæðinu og í ár leggur stjórn FEB fram ályktun fyrir aðalfund félagsins þar sem lögð er áhersla á að ríki og sveitarfélög virði mannréttindi eldri borgara í hvívetna.

Hvað varðar húsnæðismál eldra fólks þá fóru aðal kraftar stjórnar FEB á síðasta starfsári í fylgja eftir málefnum Leigufélags aldraðra hses (LA) en í lok árs 2024 keypti Brák íbúðafélag hses allar eignir LA og tók yfir allar skuldbindingar félagsins, þar með talið alla leigusamninga og hafði gjörningurinn engin áhrif á leigjendur.

Stjórn félagsins

Á aðalfundi félagsins árið 2024 var Sigurður Ágúst Sigurðsson kosinn formaður stjórnar FEB.

Rétt á áframhaldandi stjórnarsetu höfðu aðalmennirnir: Árni Gunnarsson, Ástrún Björk Ágústsdóttir og Stefanía Valgeirsdóttir. Aðrir í stjórn voru kosnir: Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Elinóra Inga Sigurðardóttir og Kristinn Eiríksson sem aðalmenn og Ragnar Árnason, Bessí Jóhannsdóttir og Jón Magnússon sem varamenn

Stjórnin skipti með sér verkum; Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður, Guðrún Ósk Jakobsdóttir varaformaður, Stefanía Valgeirsdóttir gjaldkeri, Elinóra Inga Sigurðardóttir ritari, Árni Gunnarsson, Ástrún Björk Ágústsdóttir og Kristinn Eiríksson meðstjórændur. Varamenn: Ragnar Árnason, Bessí Jóhannsdóttir og Jón Magnússon.

Þann 12. júlí 2024 sagði aðalmaðurinn og ritarinn Elinóra Inga Sigurðardóttir sig úr stjórn FEB og tók Ragnar Árnason sæti aðmanns í hennar stað.

Stjórn fer skv. lögum félagsins, með æðsta vald í málefnum þess milli aðalfunda og ber ábyrgð á fjármálum og öllum rekstri. Haldnir voru 17 stjórnarfundir á starfsárinu.

Þau Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður, Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Kristinn Eiríksson munu sitja áfram í stjórn næsta starfsár og Ástrún Björk Ágústsdóttir hefur boðið sig fram til endurkjörs í stjórn.

Sum verkefna stjórnar síðasta starfsár hafa verið ögrandi og tímafrek og önnur gefandi og er stjórnarmönnum öllum er hér með þakkað fyrir vel unnin og óeigingjörn störf í þágu Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

Fiármál FEB

Rekstur félagsins skilaði mjög góðri afkomu árið 2024 og er ástæður þessar helstar: Aukin starfsemi og framboð af námskeiðum og ferðum án þess að fjölga starfsmönnum, fjöldi félagsmanna jókst og vanskil minnkuðu sem skilaði auknum tekjum í formi félagsgjalda, auk þess sem fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld gáfu mun betur en árið á undan.

Húsnæði félagsins

Á húsinu í Stangarhyl 4 hvílir bankalán frá árinu 2005. Um verðtryggt lán er að ræða sem nam upphaflega 35 milljónum króna og var til 30 ára en lánið stóð í rúmum 16,8 milljónum króna um síðustu áramót. Lánið er í fullum skilum en af því eru mánaðarlega greiddar afborganir, vextir og verðbætur. Stjórn FEB ákvað á stjórnarfundum nú í febrúar 2025 að greiða lánið upp að fullu þar sem verðtryggðir vextir lánsins eru mun hærrí en þeir innlánsvextir sem bankareikningar félagsins bera og félagið á nægilegt handbært fé.

Á síðasta starfsári var parket í sal félagsins slípað upp og lakkað. Annað viðhald var í smærri kantinum. Fyrir liggur að endurnýja þarf tækjabúnað og borð í salnum.

II. Félagsstarf og skrifstofa

Eins og fram kom í inngangi ársskýrslunnar var félagsstarf FEB í blóma á síðasta starfsári og það sama má segja um starfsemi ferðaskrifstofu FEB sem ber hjáheitið FEB-ferðir. Húsnæði FEB var og er þéttsetið alla daga og oft fram á kvöld. Mörg hundruð manns sækja fjölbreytt námskeið og klúbba á vegum FEB á viku hverri yfir vetrarmánuðina, auk allra hinna félagsmanna FEB sem koma við á skrifstofu félagsins til að sækja hina ýmsu þjónustu og fundi.

FEB-ferðir buðu upp á margar áhugaverðir ferðir á starfsárinu og var eftirspurnin það mikil að auðvelt hefði verið að fylla fleiri ferðir, en bæði lítið framboð af gistingu og mannekla voru takmarkandi þættir. Stefnt er að jafnmörgum ef ekki fleiri áhugaverðum FEB-ferðum á næsta starfsári.

Bókmenntahópur

Í bókmenntahópnum er boðið upp á yfirferð á ýmsum sögum. Jónína Guðmundsdóttir stýrði þessum námskeiðum um árabíl en hún féll frá s.l. sumar og er hennar sárt saknað. Í haust tók Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir fyrrverandi lektor við Menntavísindasvið HÍ við sem leiðbeinandi bókmenntahópsins og stýrði honum fram að áramótum þegar Dagný Kristjánsdóttir, prófessor emeritus í íslenskum nútímabókmenntum við HÍ tók við. Farið var yfir margar áhugaverðar bækur og breitt efni, allt frá limrum, minningarmyndum höfunda og skáldverk frægra höfunda eins og Halldórs Laxness og Þórbergs Þórðarsonar.

Dansleikir

Þar til um síðustu áramót voru dansleikir haldnir í húsakynnum FEB á hverju sunnudagskvöldi og voru það þeir Birgir Jóhann Birgisson og Sigurður V. Dagbjartsson sem sáu um tónlistina. Aðsóknin hefur hins vegar dregist það mikið saman undanfarnar vikur að ákveðið var að hvíla þá um skeið. Ef hins vegar eftirspurnin eykst, stendur ekkert í vegi fyrir því að byrja að dansa að nýju í Stangarhylnum.

Göngu-Hrólfar

Yfir vetrartímann fer vaskur hópur félagsmanna í gönguferðir frá Stangarhylnum á miðvikudagsmorgnum kl. 10:00. Gengið er í um klukkustund og síðan er ómissandi að setjast niður og spjalla yfir kaffi og rúnstykkjum. Þessi hópur lætur ekkert stoppa gönguferðir sínar og vill hvetja aðra félagsmenn til að taka þátt.

Kór FEB

Hjá FEB er starfandi öflugur kór en kórfélögum hefur farið fjölgandi síðustu misserin. Kóræfingar eru einu sinni í viku yfir vetrarmánuðina og heldur kórinn reglulega tónleika. Gleðin ræður ávallt ríkjum þegar kórfélagarnir koma saman. Kórstjóri er Kristín Jóhannesdóttir og formaður kórsins er Gísli Jónatansson.

Leikfimi

Það fjölgar markvist í FEB leikfimitímunum sem bera heitið „Sterk og liðug“ en þar er áherslan lögð á þá félagsmenn sem eiga erfitt með að stunda hefðbundna líkamsrækt. eru æfingarnar sérsníðnar að þörfum þátttakanda og fara margar þeirra fram sitjandi á stól. Kennari er Tanya Svavarsdóttir.

Lestur fornaldarsagna

Áfram er aðsókn félagsmanna í fornaldarsagnanámskeiðin framfar öllum vonum því yfir 160 manns sækja námskeiðin í viku hverri. Á starfsárinu var farið yfir Njáls sögu og nú á vormánuðum 2025 er verið að taka fyrir Landnámu. Kennari er Baldur Hafstað. Stefnt er á tvær ferðir á Njálu slóðir í vor, en ávallt er uppbókað í söguferðirnar okkar.

Matarklúbbar FEB

Í byrjun síðasta starfsárs hélt FEB áfram að bjóða upp á matarklúbb fyrir karlmenn 60+, en námskeiðið er ætlað karlmönnum sem langar að læra að elda einfaldan mat og borða saman í góðum félagsskap. En því miður féll leiðbeinandi Kristján E. Guðmundsson frá s.l. haust og FEB hefur ekki náð að finna einhvern í hans stað. Við hættum hins vegar ekki að leita fyrir en við finnum einhvern, því námskeiðið var mjög vinsælt og það er mikil eftirspurn eftir því. Ljóst er að það verður erfitt að feta í fótspor Kristjáns því hann leysti verkefni afskaplega vel af hendi og var vinsæll.

Myndlistarnámskeið

Árið 2023 hóf FEB að bjóða upp á mjög skemmtileg byrjendanámskeið í myndlist og fékk félagið Bjarna Danielsson með sér í lið sem kennara. Skemmst er frá því að segja að það komust færri að en vildu á þessi námskeið, þó framboðið hafi verið tvöfaldað s.l. haust. Á vorönn 2025 buðum við hins vegar upp á framhald í myndlist fyrir þá sem sóttu grunnnámskeiðin og aftur komust færri að en vildu.

Skákdeild

Það er alltaf jafn vinsælt að mæta á þriðjudögum og tefla með Skákfélaginu Æsi en teflt er alla þriðjudaga frá 1. sept. til 1. júní ár hvert. Haldin eru mörg skákmót á tímabilinu og það nýjasta var afmælimót Friðriks Ólafssonar sem varð 90 ára í janúar s.l. Formaður skákdeildarinnar er Garðar Guðmundsson.

Spænska

Spænskunámskeiðin halda vinsældum sínum og þau fyllast ætíð á met tíma. Þau eru kennd í þremur getuflokkum og annar FEB ekki eftirspurn, en það er hinn eini og sanni Kristinn R. Ólafsson sem kennir.

Zumba

Tvisvar í viku yfir allan vetrartímann er dansað Zumba Gold í sal félagsins og eru sífellt fleiri sem taka þátt og stunda námskeiðin reglulega og af kappi. Kennslan er sérstaklega aðlöguð að fólki yfir miðjan aldur en það er hin geysi vinsæla Tanya Svavarsdóttir sem sér um dans og æfingar. Í janúar fór lítill hópur Zumba-iðkenda í hreyfiferð til Tenerife og skemmtu sér konunglega meðan myrkið og snjórinn umvafði okkur hin hér heima á Íslandi.

Ferðir

Boðið var upp á tólf langar og stuttar innanlandsferðir á vegum FEB-ferða frá maí til september 2024 og farnar voru sex ferðir erlendis frá því í maí til desember 2024.

Dagana 19. til 24. maí var fyrri söguferðin til Orkneyja farin en um var að ræða 5 náttu ferð á slóðir Orkneyinga sögu. Flogið var til Skotlands og þaðan tekin ferja yfir til Orkneyja, þar sem valdir staðir sem tengjast sögunni voru heimsóttir. Baldur Hafstað og starfsmenn ferðaskrifstofunnar Skotganga voru fararstjórar.

14. maí var önnur söguferð farin en nú var það dagsferð innanlands á slóðir Egils sögu. Fararstjórar voru Baldur Hafstað og Anna Kristín Sigurðardóttir.

23. maí lá leið félagsmanna á Njáluslóðir þar sem Guðni Ágústsson naut sín vel í fararstjórn, en um var að ræða dagsferð.

Dagana 7. til 9. júní lá leið FEB-ferða á norðanverða Vestfirði þar sem gist var tvær nætur á Ísafirði. Var m.a. siglt til Hesteyrar og stoppað þar í nokkra stund og aðrir áhugaverðir staðir á Vestfjörðum skoðaðir. Fararstjóri var Kári Jónasson.

14. júní var hin árlega dagsferð til Vestmannaeyja farin undir fararstjórn Kára Jónassonar og í Eyjum var það Gerður Guðný sem leiddi hópinn í gegnum Eldheima.

Dagana 21. til 24. júní buðu FEB-ferðir í samvinnu við Betri ferðir upp á einstaklega skemmtilega og fróðlega ferð til Varsjár þar sem Lilja Hilmarsdóttir var fararstjóri.

Þá var ferðinni heitið á Snæfellsnesið og þaðan siglt út í Flatey og gengið um þorpið. Um tveggja daga ferð var að ræða dagana 27. til 28. júní með gistingu á Stykkishólmi og var Kári Jónasson fararstjóri.

Þann 4. júlí var farin dagsferð um Fjallabaksleið nyrðri inn í Landmannalaugar og enn og aftur var Kári Jónasson fararstjóri. Er þetta er ein af vinsælustu dagsferðum FEB-ferða

Vegna mikillar eftirspurnar var aftur boðið upp á ferð á Njáluslóðir þann 16. júlí með Guðna Ágústsson sem fararstjóra

Dagana 13. til 16. ágúst var boðið upp á fjögurra daga ferð um Kjöl í Fjörður, Flateyjardal og Tröllaskaga, en þessi ferð selst ávallt upp fyrst af öllum FEB-ferðum, svo vinsæl er hún. Fararstjóri var Gísli Jónatansson.

21. ágúst var farin skemmtileg dagsferð um suðurlandið þar sem hellarnir við Ægissíðu voru m.a. skoðaðir og komið við á Flúðum, Skálholti og Laugarvatni. Fararstjóri var Valdimar Bragason.

Dagana 18. til 19. ágúst var ferðinni heitið í hálendisferð í Kerlingarfjöll og Hveradali. Gist var í Kerlingarfjöllum eina nótt og farnar gönguferðir um Hveravelli og Hveradali þar sem við blasti mikil litadýrð og bullandi hverir. Fararstjórar voru Kári Jónasson og Jónas Valdimarsson.

Vegna mikillar eftirspurnar var innanlands söguferðin endurtekin þann 3. september, en farið var á slóðir Egils sögu. Fararstjórar voru Baldur Hafstað og Anna Kristín Sigurðardóttir.

Síðasta innanlandsferðin sumarið 2024 var þriðja Njáluferðin sem farin var 18. september og var Guðni Ágústsson fararstjóri líkt og áður í þessum ferðum.

Dagana 24. til 29. september var ferðinni heitið út fyrir landsteinana að nýju en þá var seinni söguferðin til Orkneyja farin. Eins og fyrri ferðin var um 5 náttu ferð að ræða á slóðir Orkneyinga sögu. Baldur Hafstað og starfsmenn ferðaskrifstofunnar Skotganga voru fararstjórar.

Þá var Lissabon heimsótt dagana 7. til 11. október, en borgin er ein fallegasta borg Evrópu og býður upp á stórkostlegar byggingar, nýjar og gamlar, falleg torg og mikla sögu. Fararstjóri var Lilja Hilmarsdóttir.

Ferðaár FEB-ferða endaði síðan með tveimur fjögurra náttu aðventuferðum til Heidelberg í Þýskaland, um mánaðarmótin nóvember og desember, en heimsókn til Heidelberg er eins og að fara inn í ævintýri. Þessar ferðir voru farnar í samvinnu með Betri ferðum og voru fararstjórnarnir á þeirra vegum.

Stjórn og starfsmenn FEB þakka öllum leiðbeinendum, kennurum og fararstjórum fyrir frábæra vinnu og óeigingjarnt starf, en öll þessi vinna er unnin gegn hóflegu og stundum engu gjaldi.

Skrifstofan og þjónusta FEB við félagsmenn

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 10 til 16, nema á föstudögum þá er opið frá kl. 10 til 15. Síminn er opinn alla virka daga frá kl. 10 til 14. Dýrleif Guðjónsdóttir er framkvæmdastjóri félagsins, en aðrir starfsmenn eru Elín Inga Arnþórsdóttir og Guðlaug Tómasdóttir. Umsjón með Ásgarði, sal félagsins á helgidögum hefur Jóhanna Ragnarsdóttir.

Starfsfólk skrifstofunnar sér um utanumhald félagsmanna, skipuleggur félagsstarfið og annast allan daglegan rekstur sem og utanumhald um allar ferðir sem í boði eru bæði innanlands og utan. Það heldur utan um öll námskeið félagsins, viðburði, kynningar, fyrirlestra og fundi og sér um útgáfu á blaði þess ásamt stjórn og reksturs á sal. Sér um allar bókanir, tilkynningar og auglýsingar vegna félagsstarfsins og er til svara varðandi hin ýmsu hagsmunamál félagsmanna. Á skrifstofuna kemur og/eða hringir fjöldi félagsmanna í viku hverri til að leita upplýsinga um hin ýmsu mál. Skrifstofan afgreiðir einnig öll þau margvíslegu erindi og skilaboð sem félaginu berast með rafrænum hætti.

III. Starf nefnda og ráða

Ferðanefnd

Ferðanefnd félagsins vinnur mikið og gott starf og vinnur þétt með starfsfólki FEB við skipulag allra FEB-ferða bæði innan- sem utanlands. Ferðanefndin öll eða hluti af henni fundar mjög reglulega yfir vetrarmánuðina, að meðaltali mánaðarlega, enda að mörgu að taka í skipulagi allra þessara ferða. Ferðakostnaður innanlands, þá sérstaklega rútur og gisting hefur hækkað umtalsvert síðustu ár og þess vegna hafa FEB-ferðir einnig boðið upp á ferðir erlendis yfir sumarmánuðina, þar sem þær reynast oft hagkvæmari. Stefna FEB-ferða er samt sú að bjóða frekar innanlandsferðir á sumrin en ferðir erlendis yfir vetrartímann. Formaður ferðanefndar er Kári Jónasson.

Húsnæðisnefnd

Hlutverk FEB samkvæmt lögum er m.a. að vinna að úrbótum í húsnæðismálum eldri borgara. Formaður húsnæðisnefndar FEB er Kristinn Eiríksson.

Árið 2018 stofnaði FEB Leigufélag aldraðra (LA), húsnæðissjálfsseignarstofnun (hses) á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016. Á síðasta starfsári beindi húsnæðisnefnd og stjórn FEB helstu kröftum sínum í að fylgja eftir málefnum Leigufélags aldraðra, en í lok árs 2024 keypti Brák íbúðafélag hses allar eignir LA og tók yfir allar skuldbindingar félagsins, þar með talið alla leigusamninga og hafði gjörningurinn engin áhrif á leigjendur.

Kjara- og velferðarnefnd

Hlutverk hennar er að fylgjast með öllu sem varðar hagsmuni og kjör eldra fólks og gera tillögur til stjórnar um hvaðeina sem varðar þessi mál. Enn fremur að annast samskipti við LEB og stjórnvöld eftir því sem við á.

Formaður FEB situr í kjaranefnd LEB, en kjaranefnd LEB var mjög virk á síðasta starfsári enda um kosningarár að ræða. Kjaranefnd LEB hélt baráttufundi með öllum aðildarfélögum LEB á haustmánuðum til að stilla saman strengi fyrir

komandi kosningar og að lokum stóð hún fyrir fundi í nóv. með öllum framboðum sem buðu fram á landsvísu. Þátttaka á þann kosningafund fór fram úr björtustu vonum, en kjaramálin voru mönnum efst í huga. Nú er það verkefni allra aðildarféлага LEB, ekki síst FEB, að fylgja eftir loforð nýrrar ríkisstjórnar er varðar hagsmuni og kjör eldra fólks.

Ritnefnd

Ritnefnd ber ábyrgð á efni og útgáfu Félagstíðinda FEB sem gefin eru út einu sinni á ári. Ritstjóri Félagstíðinda síðustu ár og nú aftur árið 2025 er Geir A. Guðsteinsson. Ritnefndin hefur verið mjög virk undanfarnar vikur og fundað reglulega en Félagstíðindi FEB 2025 koma út núna í mars. Markmiðið er að geta sent Félagstíðindi, Afsláttarbók og félagsskirteini út í einum pakka, til skilvísra félagsmanna, seinni partinn í mars, en þannig er hægt að halda póstburðargjöldum í lágmarki. Reynt var að hafa efni blaðsins hið fjölbreyttasta með ákveðinni skírskotun í hamingjuna auk annarra skemmtilegra málefna.

Laganefnd

Helstu kraftar laganefndar á síðasta starfsári fóru í að afgreiða ályktanir og umsagnir um lagafrumvörp, erindi sem félaginu bárust frá nefndar- og greiningasviði Alþingis.

Öldungaráð Reykjavíkurborgar

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 m.s.br. er kveðið á um skipan öldungaráðs sveitarfélaga. Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkv. 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga 125/1999 um málefni aldraðra. Öldungaráðið skal vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri og vera formlegur samráðsvettvangur um þjónustu við aldraða og þróun öldrunarmála innan sveitarfélagsins. Skipa skal öldungaráð að hverjum sveitarstjórnarkosningum loknum. Í lögnum kemur fram að þar eigi að sitja að lágmarki þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn, þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara og einn fulltrúi frá heilsugæslunni.

Á síðasta ári bar svo við að borgin tók þá einhliða ákvörðun að fækka fulltrúum FEB úr þremur í einn í öldungaráði borgarinnar, en bjóða fulltrúum annarra félaga eldra fólks hin tvö sætin. Stjórn FEB og fulltrúar FEB í öldungaráði mótmæltu fækkun sinna fulltrúa harðlega en án árangurs. Málinu var ekki lokið af hálfu stjórnar FEB sem fékk lögfræðing félagsins til að senda ítarlega kvörtun til Innviðaráðuneytisins vegna þessa. Enn hefur ekki borist svar frá ráðuneytinu en þess er að vænta nú um mánaðarmótin feb./mars 2025.

Eftir að ný borgarstjórn tók við nú í febrúar 2025 ríkir óvissa um stöðu öldungaráðs Reykjavíkurborgar þar sem ný borgarstjórn hefur boðað breytingar en þær hafa ekki endanlega verið afgreiddar.

Öldungaráð Reykjavíkurborgar fundar að jafnaði einu sinni í mánuði auk þess sem fulltrúar í öldungaráðinu hafa verið kallaðir á vinnustofur og fundi. FEB leggur ríka áherslu á setu fulltrúa sinna í ráðinu og telur mikilvægt að rödd félagsins hafi vægi þar inni, enda eru um 80% af borgarbúum á aldrinum 70 – 80 ára í FEB!

IV. Grái herinn

Með dómi Hæstaréttar 2. 11. 2022 í málum þriggja liðsmanna Gráa hersins gegn íslenska ríkinu vegna skerðingarreglna í almannatryggingakerfinu var öllum rökum kærendanna hafnað og ríkinu gefið grænt ljós á gildandi skerðingarregluverk.

Dómi Hæstaréttar var vísað til Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) í lok febrúar 2023. Þar var um að ræða úrslitatilraun til að fá viðurkennt að skerðingarreglur almannatryggingarlaga séu úr hófi og standist hvorki íslensku stjórnarskrána né Mannréttinasáttmála Evrópu.

Í byrjun árs 2025 bárust þær fréttir frá Mannréttindadómstólum að hann muni taka kærana til efnismeðferðar.

Dómstóllinn mun afmarka umfjöllun sína við nánar tilgreind álitæfni, þ.e. hvort skerðingarreglurnar frá 2017/’18 hafi mismunað ellilífeyristökum eftir því hvort lífeyrisréttindi þeirra voru í séreignar- eða sameignarsjóðum; og/eða með því að ákvarða frítekjumark þeirra sem enn höfðu atvinnutekjur miklu hærra en þeirra sem eingöngu fengu greitt úr lífeyrissjóðum.

Enda þótt dómstóllinn hafi ákveðið að afmarka meðferð sína við þessi álitæfni, lítur Grái herinn á ákvörðunina sem áfangasigur í málinu. Einungis örlítill hluti þeirra mála sem MDE berast fær efnismeðferð fyrir dómnum. Það er því mikilvæg viðurkenning af hálfu MDE á réttmæti kæru Gráa hersins fólgin í því að dómurinn ætli að taka hana til efnismeðferðar.


V. Lokaorð

Síðasta starfsár skilaði félaginu mjög góðum hagnaði og voru félagslífið og ferðirnar í miklum blóma. Að baki þessu er mikil vinna og er svo komið að vinnuálag starfsmanna er komið að þolmörkum. Stjórnin mun vinna að því að leysa úr þeim vanda þannig að hægt verði að viðhalda sömu þjónustu og jafnframt þjónusta stækkandi hóp félagsmanna.

Hagsmuna- og kjaramál eldra fólks eru óendanleg þar sem stjórnvöld draga stöðugt lappirnar við að svara þörfum mikilvægs hóps eldra fólks sem lakast hefur kjörin. Stjórn FEB hefur einnig miklar áhyggjur af eldra fólki sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda og telur stöðu hjúkrunarheimila, mannréttindi innan þeirra og rekstur, óásættanlega. Það er því af nægu að taka í baráttumálum félagsmanna og mun félagið halda ótrautt áfram að sinna þeim.

Við þökkum félagsmönnum ánægjulegar stundir á starfsárinu og óskum ykkur gleði og velfarnaðar í framtíðinni.

F.h. stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni



Sigurður Ágúst Sigurðsson
formaður



Dýrleif Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri

